



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
25. febrúar 2010
8. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósíð í
boenum!*



Sími: 456 6660



Hætta á að fjölskyldan splundrist

– Hætta er á að fjölskyldu Vals Magnússonar í Bolungarvík verði stíað í sundur þar sem óvíst er hvort tveir fjölskyldumeðlimir fái framlengingu á dvalarleyfi og verði því sendir úr landi. Fari svo stendur Valur frammi fyrir því að flytja með fjölskylduna af landi brott og skilja elstu dóttur sína eftir. Hann segist þó vona að allt fari vel að lokum. Rætt er við Val í miðopnu.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafid og heim

Gerir kirkjum á Vestfjörðum skil

Marsibil G. Kristjánsdóttir, bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar, opnaði sýninguna Kirkjur á Vestfjörðum á föstudag. „Það komu um 70 manns sem er met á opnun hjá mér,“ segir Marsibil. Sýningin er í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju og mun standa næstu tvær vikurnar. Allar myndirnar eru í grafík og unnar á þessu ári. „Mig vantaði einhverja skemmtilega hugmynd þegar ég ætlaði að fara vinna með grafík myndir á ný og ég held að kirkjur hafi ekki verið notaðar mikið sem myndefni. Mér fannst það mjög sniðugt því allir eiga sína kirkju, þetta vekur athygli og þetta eru flottar byggingar,“ segir Marsibil aðspurð um ástæðuna að baki sýningarinnar.

Á sýningunni eru myndir af alls tíu kirkjum. Marsibil segir



Marsibil Kristjánsdóttir hefur í hyggju að taka fyrir fleiri kirkjur á Vestfjörðum í náinni framtíð.

að fleiri eigi eftir að bæstast við hópinn. „Ég þarf greinilega að gera fleiri myndir því það hefur

verið mikil eftirspurn. Það væri gaman að taka allar kirkjur á Vestfjörðum en það kemur í ljós

hvað verður. Kannski geri ég það þó það taki mig tíu ár. Stefnt er að því að sýningin

fari á flakk með vorinu. „Ég stefni á að fara á sem flesta kirkjustaði sem koma fyrir í sýningunni.“

23% ferðalanga gistu á Vestfjörðum

Nær 23% ferðamanna gistu á Vestfjörðum á ferðalögum sínum innanlands á síðasta ári eða 204 af þeim 1022 sem tóku þátt í könnun á vegum Ferðamálastofu um ferðahagi á síðasta ári. Þá fannst 7,4% Vestfirðir vera mest

spennandi landsvæðið til vetrarferða en langflestir nefndu Norðurland í þessu samhengi eða 45%. Samkvæmt könnuninni ferðuðust tveir af hverjum fimm bæði innanlands og utan og fjögur prósent eingöngu utanlands á síð-

asta ári. Átta prósent ferðuðust hins vegar ekki neitt. Þannig ferðaðist innan við helmingur landsmanna til útlanda sem gefur til kynna verulegan samdrátt í utanferðum landsmanna. Tveir af hverjum þremur fóru í þrjár eða

fleiri ferðir innanlands og þrjár af hverjum fjórum gistu sjö nætur eða lengur en á heildina litið gistu landsmenn að jafnaði 14,3 nætur á ferðalögum innanlands árið 2009.

Flestir ferðuðust í júlí (75%) og ágúst (66%) en fjölmargir ferðuðust hins vegar í öðrum mánuðum, ríflega helmingur (56%) í júní, fjórðungur í maí og september og fimmtungur í apríl og október. Fjölmargir þættir höfðu áhrif á ákvarðanatöku landsmanna um ferðalög á árinu. Fjölskylda og vinir höfðu einna mest áhrif (62%), en aðrir þættir sem höfðu umtalsverð áhrif voru sérstakur viðburður (29%), tengsl eða áhugi á stað eða svæði (22%), aðgangur að sumarbústað í einkaeigu (20%) eða útivist almennt (20%).

„Það sem hins vegar stendur í vegi fyrir að landsmenn ferðist meira innanlands að vetrarlagi er að þeim finnst það of dýrt,



þeir geta það ekki vinnunnar vegna eða af því þeir hafa ekki tíma. Veðrið letur landsmenn enn fremur í nokkrum mæli til ferðalaga, auk þess sem þeir telja sig ekki hafa efni á því að ferðast,“ segir á vef Ferðamálastofu en þar má nálgast könnunina í heild. – thelma@bb.is

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Síðasta námskeiðið á GAMLRA VERÐINU verður haldið á Ísafirði mánudaginn 1. mars nk.

Ath! Verkalýðsfélög veita allt að 100 þúsund króna styrk. Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í sínum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.


Ökuskóli S.G.

Fengu fæðingargjöf frá sparisjóðnum

Sparisjóður Bolungarvíkur hélt veislu fyrir nýja Bolvíkinga og Súgfirðinga á dögunum og afhenti þeim fæðingargjafir. Slíkar gjafir fá öll börn sem fæddust á síðasta ári og eiga lögheimili í Bolungarvík eða á Suðureyri. Þetta er í fimmta sinn sem fæðingargjafir eru afhentar með þessu sniði, en allt frá árinu 1985 voru afhentar skírmargjafir. Að þessu sinni fengu þrettán

börn í Bolungarvík og sjö börn á Suðureyri fæðingargjöf, sem er töluverð fækkun frá síðasta ári en fengu 30 börn slíkar gjafir, en það var fjölmennasti hópurinn frá upphafi.

Fæðingargjöfin í ár er 20.000 króna innlegg á verðtryggðan reikning, sem heitir Framtíðar-reikningur og er hann bundinn til þess árs sem viðkomandi verður fjárráða. – thelma@bb.is



Ákærður fyrir hnífaárás

Nítján ára piltur hefur verið ákærður fyrir ítrekuð og alvarleg brot sem hann framdi á síðasta ári. Pilturinn er meðal annars ákærður fyrir að hafa ráðist á konu á Ísafirði með eggvopni þann 15. október. Hann stakk hnífnum að bringusvæði hennar og í höndina þannig að hún hlaut skurð á handarbaki. Þá rispaði hann bifreið með hnífnum þetta sama kvöld.

Pilturinn er jafnframt ákærður fyrir að hafa ekið bifreið um Ísafjörð undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda. Áfengismagn í blóði hans mældist 1,30 prómil, en það er meira en fimmfalt herra en lögleg mörk segja til um. Ákæra gegn piltinum hefur verið þingfest í Héraðsdómi Vestfjarða. – kristjan@bb.is



Um 50 konur sátu málþing um atvinnusköpun vestfirskra kvenna.

Leitað leiða til að efla atvinnuþátttöku kvenna

Um 50 konur sátu málþing um atvinnusköpun vestfirskra kvenna sem haldið var í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði á laugardag. „Þetta heppnaðist alveg stórvél,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða en málþingið var haldið á vegum fagráðs kvenna hjá At-Vest. „Þingið var innlegg í þá vinnu sem fagráðið er að vinna, sem m.a. felst í því að finna leiðir til að efla atvinnuþátttöku kvenna og finna nýtt tækifæri,“ segir Ásgerður. Fyrri hluti fundarins var sendur í fjarfundabúnaði til Patreksfjarðar en þá voru fluttir fyrirlestrar. Seinni hlutinn var vinnufundur og eingöngu unninn á Ísafirði. „Konurnar tóku virkan þátt í vinnunni. Nú er verið að vinna úr niðurstöðunum en þær verða síðan birtar,“ segir Ásgerður.

Málþingsstjóri var Inga Á. Karlsdóttir. Meðal þeirra sem fluttu erindi á málþinginu voru Birna Lárusdóttir úr fagráði kvenna, Guðjón Már Guðjónsson, stofnandi Hugmyndaráðuneytisins. Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical, Sólrun Sverrisdóttir og Svanhildur Sigurðardóttir og Þórunn Jónsdóttir frá Auði Capital.

Málþingið var styrkt af menntamálaráðuneytinu, Nýsköpunarmiðstöð, Vaxvest, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Tálknafjarðarhreppi, Íslands sögu, HG, Álfsfelli, Sparisjóði Keflvíkinga, Íslandsbanka, Hótel Ísafirði og Landsbanka Íslands.

Málþingið var styrkt af menntamálaráðuneytinu, Nýsköpunarmiðstöð, Vaxvest, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Tálknafjarðarhreppi, Íslands sögu, HG, Álfsfelli, Sparisjóði Keflvíkinga, Íslandsbanka, Hótel Ísafirði og Landsbanka Íslands.

Málþingið var styrkt af menntamálaráðuneytinu, Nýsköpunarmiðstöð, Vaxvest, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Tálknafjarðarhreppi, Íslands sögu, HG, Álfsfelli, Sparisjóði Keflvíkinga, Íslandsbanka, Hótel Ísafirði og Landsbanka Íslands.

Um 50 fermingarbörn í Ísafjarðarprestakalli

Það stefnir í að um fimmtíu börn fermist í Ísafjarðarprestakalli í ár. Er það svipaður fjöldi og í fyrra. Fermt verður bæði í Hnífsdalskapelli og í Ísafjarðarkirkju og verður boðið upp á sjö fermingardaga í Ísafjarðarkirkju en einn í Hnífsdalskapelli. Að sögn Magnúsar Erlingssonar, sóknarprests á Ísafirði, hafa rétt

rúmlega helmingur barnanna látid vita hvaða dag og hvar þau hyggjast fermast. Fermingarmessur í Ísafjarðarkirkju verða á skírdag 1. apríl, sunnudaginn 18. apríl, laugardaginn 24. apríl, sunnudaginn 9. maí, sunnudaginn 16. maí, á hvítasunnudag 23. maí og á sjómannadag 6. júní. Í Hnífsdalskapelli verður fermt á

hvítasunnudag 23. maí. Nöfn fermingar barna verða birt á heimasíðu Ísafjarðarbarna þegar hóparnir hafa fengið á sig endanlega mynd. „Samkvæmt minni reynslu ætti fólk að hafa ákveðið sig seinni partinn í mars, alla vega með fyrstu fermingarnar,“ segir Magnús.

– thelma@bb.is

Stefnir í þátttökumet í Fossavatnsgöngunni

Enn og aftur stefnir í metþátttöku í Fossavatnsgöngunni sem haldin verður í 61. sinn á Ísafirði 1. maí nk. „Það er mun meiri aðsókn nú en á sama tíma í fyrra, það eru komnir nálægt 25 erlendir þátttakendur, voru á sama tíma tíu,“ segir Kristbjörn Sigurjónsson, einn af skipuleggjendum

keppinnar. „Einnig hafa Íslendingarnir verið duglegir að skrá sig en þetta er fyrsta árið sem við höfum skráningu sýnilega á netinu. Þ.e.a.s. um leið og þú ert búinn að skrá þig þá sést nafnið á meðal skráðra keppenda.“ Hann segir skráningu vera að fara langt fram

úr væntingum. „Vætanlegir eru hópar frá Akureyri, Ólafsfirði, Húsavík og einnig úr Reykjavík. Gangan, sem er elsta skídamót sem enn er haldið á landinu, nýtur sívaxandi vinsælda og undanfarin ár hafa margir af þekktustu skíðagöngumönnum heims tekið þátt. – thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ – SKERINGAR EYRARHLÍÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Skeringar Eyrarhlíð 2010.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. maí 2010.

Helstu magntölur:

Bergskeringar	2.500m ³
Skering í laus jarðlög	22.000m ³
Grjótvörn	3.000m ³
Grjóthleðsla	150m ²

Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 26. febrúar nk. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu **þriðjudaginn 9. mars 2010 kl. 14:00** að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

14 milljónir eyrnamerktaf snjómokstri

Gert var ráð fyrir um 14 milljónum króna í snjómokstur í Ísafjarðarbæ árið 2010. Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur sveitarfélagsins, segir að hið milda veðurfar í vetur hafi þó ekki endilega í för með sér sparnað.

„Þó svo það verði lítið mokað getur það komið niður á slitlagi gatna og líklegt að það þurfi að auka slitlagsviðgerðir og því ekki ljóst hvort þetta sé mikill sparnaður.“ Jóhann Birkir bendir einnig á að veturinn er ekki enn búinn og eins og Vestfirðingar vita mæta vel getur allt breyst þegar veðrið er annars vegar.

Árþing GÍ á Ísafirði

„Það er allt á fullu hjá okkur núna, við erum að undirbúa okkur fyrir lokamótið í Meistaramótsröðinni sem fer fram á Ísafirði í byrjun mars en þá verður einnig árþing Glímusambands Íslands haldið á Ísafirði,“ segir Brynjólfur Örn Rúnarsson þjálfari hjá glímudeild Harðar á Ísafirði. Brynjólfur segir að það sé töluverð glímuiðkun um þessar mundir.

„Það eru allir aldurshópar að æfa hjá okkur, bæði strákar og stelpur. Það er flestir hjá okkur á bilinu 11-14 ára,“ segir Brynjólfur. Hann segir að alltaf sé pláss fyrir fleiri á æfingar og hvetur áhugasama á að mæta á æfingar.

Sólinn kemur vestur

Hátíðin Aldrei fór ég suður fer að vanda fram á Ísafirði um páskana. Tilkynnt hefur verið um fyrsta holl þeirra skemmtikrafta sem fram koma. Þar á meðal er Sólinn frá Sandgerði, sem varð fræg í Vaktarþáttunum á sínum tíma. Ólafur Ragnar var umboðsmaður sveitarinnar á tímabili og hafði stórar væntingar. Nú kemur Sólinn fram í fyrsta skipti opinberlega. „Þeir hjá hátíðinni höfðu nú bara samband og vildu að Sólinn tæki lagið, það var ekkert flóknara en það,“ segir Kiddi Casio.



Inn að beini

Guðmundur Guðjónsson, öryggisvörður

Ísafirðingurinn Guðmundur Guðjónsson starfar sem öryggisvörður í höfuðborginni en eins og hjá svo mörgum öðrum byrjaði starfsævi hans í Norðurtanganum. Þegar Bæjarins besta innti hann eftir svörum inn að beini kom í ljós að þegar hann yrði stór ætlaði Guðmundur annað hvort að verða kokkur eða fótboltahefjari og núverandi landsliðsþjálfari Hollendinga, Marco Van Basten.

Afdrifarikasta ákvörðun lífs þíns?

Að ákveða að flytja frá Ísafirði.

Hvar langar þig helst að búa?

Alveg sama, þar sem mér og fjölskyldunni líður vel.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

15. maí 2009 þegar dóttir mín fæddist.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að stóri ofurpotturinn í víkingalóttóinu hafi ekki enn skilað sér til mín...

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Ég uppgötvaði hversu ljúft það er að vera pabbi.

Uppáhaldslagið?

State of love and trust með Pearl Jam.

Kemur mér alltaf í gírinn.

Uppáhaldskvikmyndin?

The Dark Knight. Er ofurhetjunörd.

Uppáhaldsbókin?

Facebook. Er ekkert fyrir það að lesa bækur.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Á eftir að fara í það ferðalag.

Uppáhaldsborgin?

Liverpool, Leeds og Kaupmannahöfn deila þessu saman.

Besta gjöfin?

Konan gaf mér pakka með óléttuprúfu í sem sagði að ég væri að verða pabbi. Það verður seint toppað.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Nei

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Er konan og dóttirin hlutur? Segi þá tölvan, síminn, facebook.

Fyrsta starflíð?

Norðurtanginn á Ísafirði í fiski þegar ég var 14 ára.

Draumastarflíð?

Örugglega eitthvað tengt fótbolta eða íþróttum. Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við? Brad Pitt. Eitthvað með útlitið að gera skilst mér.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ísafjörður og Húsavík deila þessu.

Skondnasta upplifun þín?

Þegar stórt er spurt...

Aðaláhugamálið?

Fótbolti, golf, póker.

Besta vefsíðan að þínu mati?

fofbolti.net og facebook.com.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Ætlaði að verða annaðhvort kokkur eða Marco Van Basten. Tókst hvorugt.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Er einstaklega þolinmóður og stundvís með eindæmum.

En helsti löstur?

Er alveg laus við það að hafa löst

Besta farartækið?

Bill.

Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?

Öll jólnin eins og þau leggja sig.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Engin.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Er bara nokkuð sáttur við mitt fallega nafn.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Morgunhafi, kvöldhafi, miðdegishafi...

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Krabbi.

Lífsmottóló þitt?

Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.

Sparnaðartilboð helgarinnar 25. - 28. febrúar



**Úryvals
folaldakjöt!**
úr kjötborði eða pakkað ferskt

	tilboðsverð	
Hakk	495 kr. / kg	
Vöðvar/snitsel	1.290 kr. / kg	
Gúllas	1.290 kr. / kg	

	tilboðsverð	
Innrálæri	1.369 kr. / kg	
Filé	1.749 kr. / kg	
Lundir	2.238 kr. / kg	



Ferskur
ananas
á **50% afslætti!**

~~289~~
145 kr. / kg

28% afsláttur

~~1.378~~
992 kr. / kg **Kæfa**
kinda eða lifrar, gróf eða fín frá **Ali**

40% afsláttur

~~898~~
539 kr. / kg **Kjúklingur**
ferskur, heill frá **Ísfugli**

Coop tilboði

457 kr. / pk. **Franskar kartöflur**
rifflaðar, 900g, frá **Coop**

Coop tilboði

296 kr. / pk. **Morgunkorn**
Choco spooks, 375g, frá **Coop**

Coop tilboði

296 kr. / pk. **Grænmeti**, 750g
hollensk blanda, fryst, frá **Coop**

Coop tilboði

257 kr. / pk. **Hvítlauksbrauð**
2 stk. í pakka, 350g, fryst, frá **Coop**

Coop tilboði

878 kr. / pk. **Eldhúsrúllur**
8 stk. í pakka,, frá **Coop**

Coop tilboði

197 kr. / stk. **Makrill**
125g, frá **Coop**

Coop tilboði

296 kr. / pk. **Grænmeti**, 650g
amerísk blanda, fryst, frá **Coop**

F&O Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð á samkaupurval.is



Hann var þétt setinn bekurinn í Hnífsdalskapellu þegar minnst var snjóflóðsins mikla í Hnífsdal.

Reisa legstein til minningar um þá sem fórust í Hnífsdal

Um níutíu manns sóttu samkomu sem haldin var í Hnífsdalskapellu í síðustu viku þar sem þess var minnst að 100 ár eru liðin frá því snjóflóðið mikla féll í Hnífsdal. „Þetta var virkilega falleg stund þar sem minnst var þessa stóra og hræðilega

viðburðar,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir sem sagði viðstöddum frá flóðinu ásamt föður sínum Kristjáni Kristjánssyni. Séra Magnús Erlingsson las upp nöfn þeirra tuttugu einstaklinga sem létust í flóðinu og kvennakór Hnífsdalskapellu söng nokkur

lög. Samkoman var haldin á vegum Kvenfélagsins Hvatar í Hnífsdal og ávarpaði Elín Jónsdóttir kvenfélagskona gesti og tilkynnti að félagið ætli að setja upp legstein á gröf þeirra sem fórust í snjóflóðinu þar sem fram koma nöfn þeirra.

Þau sem fórust eru öll jarðsett í sömu gröf á Ísafirði og var þar á sínum tíma reistur minnisvarði. Legsteininn verður settur upp í vor þegar snjóá leysir með styrk frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Hnífsdal. Sigríður segir að viðburðurinn sé greypur í huga

Hnífsdælinga. „Maður hefur alist upp við þá vitneskju að þetta hafi gerst.“ Snjóflóðið féll úr Búðarhyrnu að morgni 18. febrúar 1910. Flóðið sópaði nokkrum húsum og fólki á haf út. Alls fórust tuttugu manns en auk þess slösuðust tólf manns.

Spurningin

Mætti lögreglan framkvæma oftár fyrirvaralausar fíkniefnaleitir í skólum landsins?

Alls svöruðu 515.
Já sögðu 404 eða 78%
Nei sögðu 111 eða 22%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt og ofankoma með köflum víða um land. Frost 0-10 stig, minnst við suðvesturströndina.
Horfur á laugardag: Austlæg átt og ofankoma með köflum víða um land. Frost 0-10 stig, minnst við suðvesturströndina.
Horfur á sunnudag: Útlit fyrir suðlæga átt með líkum á slyddu eða snjókomu SV-lands.

Ritstjórnargrein

Svör óskast!

„Skelrækt á Íslandi er ung atvinnugrein og er nauðsynlegt að hlúa að henni svo hún geti nýtt þau tækifæri sem þar geta boðist til fulls. Skelrækt hefur alla burði til að vera samkeppnishæf á alþjóðlegum mörkuðum, en til þess að svo geti orðið þarf að tryggja greininni aðgengi að fjármagni og einnig þarf að tryggja að meira tillit verði tekið til hennar innan þróunar- og samkeppnissjóða sjávarútvegsins.“ (Tilvísun í samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. þ.m.)

Árum saman hefur ríkisvaldið klifað á að frumkvæðið að nýjum verkefnum í dreifbýlinu verði að koma úr héraði, þar verði hugmyndirnar að mótast. Ríkisvaldið komi síðar til sögu. (Hefur sú verið raunin í gegnum árin?)

Litum aðeins um öxl. Í maí 2005 var greint frá því að Ísafjörður væri talinn ákjósanlegur staður fyrir rannsóknastofnun á sviði jarðkerfissvæða, sem ætlunin væri að reisa á Íslandi; verkefni sem bar yfirskriftina Essi. Sjö manna starfshópur var einhuga um staðsetninguna. Undirbúningsvinna var styrkt af forsætisráðuneytinu og Ísafjarðarbæ. Í þessu sambandi þykir BB rétt að benda á vandaða umfjöllun Ólafs B. Halldórssonar um málið á bb.is. 20. mars 2007, hvar m.a. gat að líta eftirfarandi millifyrirsögn: „Stjórnmalamenn hljóta að skilja sinn vitjunartíma.“

Í apríl 2008 óskaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar „eftir að sjávarútvegsráðuneytið (kæmi) að því í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða

(HsVest), Rannsóknarráð Íslands, Landsamband smábátæigenda og fleiri hagsmunaaðila, að efla rannsóknir á sviði sjávarútvegs á vettvangi HsVest.“ Landsamband smábátæigenda hafði um þessar mundir sent frá sér samþykkt þar sem lagt var til að hafnar yrðu markvissar rannsóknir á hafsbotninum og lífríki hans og að rannsóknastofnun þar að lútandi yrði á Vestfjörðum „þar sem sjávarútvegur er undirstaða mannlífs og mikill þekkingarforði er til staðar, auk þess sem stofnanir með háskólamenntuðu fólki eru stöðugt að eflast,“ eins og sagði í rökstuðningi Landsambandsins. Því miður fékk málið þær undirtektir hjá þáverandi sjávarútvegsráðherra, að ekki yrði stofnuð „ný“ opinber rannsóknastofnun á sviði sjávarútvegs. Eflaust má túlka þá afstöðu á ýmsa vegu. Hins vegar hlýtur áhuga-leysið fyrir lífríki hafsins og hver áhrif einstakra veiðarfæra á það kunna að vera, sem birtist í slíkri afstöðu, að teljast með eindæmum hjá stjórnvöldum þjóðar sem á jafn mikið undir sjávarútvegi komið og Íslendingar gera.

Ef þau tvö mál sem hér hefur verið drepið á hefðu skilað sér í höfn hefði það haft býsna mikil áhrif á atvinnulíf hér um slóðir, að ekki sé minnst á þá þekkingu sem tekist hefði að afla í þágu undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar.

Hvar var stuðningur stjórnvalda þegar til kastanna kom?

s./h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, kristjan@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Eldiskví HG í Álftafirði.

Sjúkdómar helsta orsök affalla á eldisporski

Nýlegar rannsóknir benda helst til að helsti orsakavaldurinn á afföllum á eldisporski í sjókvíum séu sjúkdómar af ýmsum toga. Þetta kom fram þegar könnuð voru afföll í kvíum hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., sem er með eldi í Álftafirði við Ísafjarðardjúp og hjá HB Granda hf., sem eru með eldi í Berufirði. Töluverð afföll eru á eldisporski í sjókvíum og geta ástæður verið margvíslegar. Rannsóknin miðaðist eingöngu að því að greina orsakir affalla á fiski sem háfaður var upp úr eldiskvíum. „Mest

áberandi voru afföll vegna sjúkdóma, einkum bakteríusýkinga en bæði víbriuveiki og kylaveiki-bróðir greindist í fiskinum. Í stöku tilfellum orsökuðu ytri snikjudýrin *Gyrodactylus*, kostia (*Ichthyobodo necator*) og *Trichodina* litilsháttar afföll. Snikju-sveppurinn *Loma* greindist í nokkrum mæli,“ segir á vef AVS rannsóknasjóðnum í sjávarútvegi.

Í sumum tilfellum voru sýkingar miklar sem að líkindum orsökuðu afföll. Í dauðfiskasýnum var töluvert af horfiski og van-

sköpuðum fiskum eða 20-40% af heildarfjölda. Afföll sem orsakast af sárum voru allt upp í tæp 30% og mest áberandi voru sár af völdum afræningja. Hlutfall þarmaveiki var yfirleitt 10-15%. Afföll sem rakin eru til hrygningarstíflu voru tiltölulega lítil og jukust eftir því sem fiskurinn var stærri. Nokkrar tillögur eru um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr afföllum sem er að finna í skýrslum af niðurstöðum verkefnisins. Nánar er sagt frá þessu á avs.is.

– thelma@bb.is



87% þeirra sem búa í Ísafjörðarsókn eru í Þjóðkirkjunni.

Staða kirkjunnar sterk á Vestfjörðum

Staða kirkjunnar er sterk á Vestfjörðum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Í Vestfjarðaprófastsdæmi sem nær yfir allan Vestfjarðakjálkann búa 5.759 manns og af þeim eru 82% í Þjóðkirkjunni. Á vef Ísafjarðarkirkju segir að það verði að teljast gott því prófastdæminu er nokkuð hátt hlutfall erlendra ríkisborgara. „Til samanburðar má geta þess að hlutfall þjóðkirkjufólks meðal allra landsmanna er 79%. Ýmislegt bendir til að kirkjan standi sterkari fótum í hinum dreifðu byggðum landsins. Skýringin er líklega sú að í sveitum og sjávarplássum er kirkjan inngróinn hluti samfélagsins,“ segir á

vefnum.

Þar er einnig bent á að í Ísafjörðarsókn, sem nær yfir allan Skutulsfjörð, búa 2080 manns og af þeim eru 87% í Þjóðkirkjunni. Í Hnífsdalssókn búa 125 manns og af þeim eru 74% í Þjóðkirkjunni. Í Unaðsdalssókn eru enn skráðar fjórir sálir til sóknar og allt eru það Þjóðkirkjuþegnar. „Þannig að sé miðað við prósenturnar þá er staða Þjóðkirkjunnar sterkust í Unaðsdalssókn. Þar er að vísu ekki messað nema einu sinni á ári og þá koma oft 40 manns til kirkju. Það hlýtur að vera þúsund prósent kirkju-sókn!“, segir á vef Ísafjarðarkirkju. – thelma@bb.is

ELDHÚSDAGAR! ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

Amico
Eldavél
60 sm, með steypum plötum
1850529
69.900
~~82.990~~

Electrolux
3ja ára ábyrgð
Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A
1805331
106.900
~~122.990~~

Electrolux
3ja ára ábyrgð
Blástursofn
8 kerfi
59,4x59,4x56,7 sm
1830118
92.900
~~116.990~~

Amico
Helluborð
1850548
65.900
~~78.790~~

damixa
Blöndunartæki eldhús
Space Damixa
8000850
11.490
~~15.395~~

20%
afsláttur af
BÚSÁHÖLDUM

20%
afsláttur af
**SMÁ-
RAFTÆKJUM**

Gildir ekki af öðrum tilboðum

REGINOX
Eldhúsvaskur
8032532
9.900

Örbylgjuofn
United 20 ltr, 800W
1840909
9.995
~~11.995~~

25. - 28. febrúar

Aðeins brot af úrvalinu!
Sjáðu meira á www.husa.is



HÚSASMÍÐJAN



Gætu orðið brottræk frá Íslandi

Valur Magnússon og fjölskylda hafa búið með þá ógn yfir höfði sér að tveir fjölskyldumeðlimir fái ekki framleingt dvalarleyfi og verði sendir úr landi. Valur og kona hans, Thais Marques de Freitas, búa í Bolungarvík ásamt tveimur sonum og dóttur Thais frá fyrra sambandi. Thais er frá Brasilíu en flutti til Noregs fyrir fjórum árum þegar hún kynntist Val. Þau fluttust síðan til Íslands til að vera nærri dóttur Vals úr fyrra sambandi sem býr í Reykjavík. Erfiðlega hefur gengið að fá dvalarleyfi fyrir Thais og dóttur hennar og var þeim nýlega tjáð að meginástæðan væri sú að laun Vals væru ekki næg til að sjá fyrir fjölskyldunni, að mati Útlendingastofnunar. Valur segist þó eygja von um að hlutirnir gangi upp.

„Það hefur gengið brösuglega að ná á réttu aðilana því það er bara hægt að tala við ákveðna fulltrúa hjá stofnuninni á ákveðnum dögum og á ákveðnum tíma. Ég var búinn að tala við alla, allt frá ritara til leyfisfulltrúa, þegar ég loks náði á lögfræðing sem tjáði mér að ef ég gæti útvegað afrit af því hvað ég fengi í barnabætur ætti ég að vera það nálægt

mörkunum að þetta hlyti að renna í gegn. Það eina sem átti eftir að ganga frá varðandi dvalarleyfisumsóknina var framfærslan.

Fyrir fimm manna fjölskyldu þarf að afla á bilinu 250-260 þúsund króna til að geta framfleytt henni samkvæmt pappírnum. En það er ekki tekið með í reikninginn að þegar maður vinnur við sjávarútveg hefur maður ríkan aðgang að fiski sem maður getur nýtt til að fæða fjölskylduna. Ég vinn við slægingu í fiskvinnslustöð og er því auðvelt að fá í soðið. Það sker niður kostnað hjá manni. Svo búum við hjá mömmu og eigum mjög góða að, bæði foreldra og systkini.“

Fjölskyldan fluttist til Bolungarvíkur í upphafi árs 2008 þar sem þau búa með sonunum Magnúsi Guðjóni, 3 ára, og Ara, 1 árs, og dótturinni Leticíu sem er níu ára. Dóttir Vals, Lóa Rakel, býr hjá móður sinni fyrir sunnan.

Beðló um þýðingu á bolvísku gift-ingarvottorði

– Útlendingar þurfa að sækja um dvalarleyfi á Íslandi á árs-

fresti í þrjú ár. Því fylgir mikið pappírslóð en leggja þarf fram gögn á borð við sakavottorð, fæðingavottorð og vegabréf sem gildir í ákveðinn tíma umfram umsóknartímann. Thais og Leticía fengu dvalarleyfi á Íslandi til eins árs en það er að renna út og hefur fjölskyldan staði í stappi við að það endurnýjað. En það gekk ekki áfallalaust að fá leyfið í fyrra sinn.

„Þegar konan var búin að fá dvalarleyfi þurfti að sækja um fyrir dóttur hennar. En það er svolítið skondið að þegar við sóttum um fyrst var mér sagt að ég geti ekki sótt um fyrir stelpuna fyrr en að móðirin væri komin með dvalarleyfi því að forráðamaður verður að vera með dvalarleyfi. Svo fær móðirin dvalarleyfi og þá fæ ég bréf um að það vanti alla pappíra fyrir stelpuna.“

Það er ekki eina misræmið sem Valur hefur fengið að kynna sig í tengslum við samskipti fjölskyldunnar við Útlendingastofnun.

„Bræður mínir eru báðir giftir erlendum ríkisborgurum, elsti bróðirinn er giftur tælenskri konu og hinn brasilískri konu sem er systir konu minnar. Þegar næst-elsti bróðir minn og kona hans

sóttu um dvalarleyfi var henni synjað á þeim forsendum að það væri ekki búið að þýða fæðingavottorð sonar hennar. Það er akkúrat öfugt við það sem mér er sagt, að við þurfum fyrst að sækja um leyfi fyrir konuna og síðan barnið. Maður getur nú svo sem skilið að það þurfi að þýða brasilísk fæðingavottorð yfir á Norðurlandamál en þeir fóru líka fram á að þau létu þýða giftingavottorðið þeirra. Sem er skritið þar sem þau giftu sig í Bolungarvík og það því vitaskuld á íslensku. Maður spyr sig því hvort það séu ekki lesnir yfir þessir pappírar sem maður þarf að skila.“

Upplýsingaflæði ábótavant

Valur segir einnig að upplýsingaflæði sé mjög ábótavant í því ferli sem fylgir umsókn dvalarleyfis.

„Við vorum búin að fara þrisvar suður til að fylgja umsókninni eftir þegar ég bað Lindu systur mína, sem er búsett fyrir sunnan, að fara með pappírana fyrir mig. Hún var ekki sátt við afgreiðsluna og lét heyra í sér og þá var fyrst

minnst á að það væri hægt að skila gögnunum til sýslumanns í viðkomandi sveitarfélagi. Það munar töluvert fyrir okkur rólta hérna niður eftir til sýslumanns í stað þess að fara með alla fjölskylduna til Reykjavíkur.

Maður fær ekki upplýsingar nema að maður biðji um þær og maður veit ekkert alltaf hvaða upplýsingar maður á að biðja um. Ég er nú ekki að flytja inn erlendar eiginkonur að staðaldri. Maður veit því ekkert fyrirfram hvernig maður á að snúa sér í þessu. Jújú, þeir geta sagt að allar upplýsingar séu til á pappírnum en maður veit ekki hvar á að leita að þeim.“

Leticía hefur gengið í Grunn-skóla Bolungarvíkur frá því haustið 2008.

„Áður en hún fékk dvalarleyfi var hún alfarið á náð skólans í Bolungarvík því börn sem ekki eru í íslenska kerfinu hafa tæknilega séð ekki aðgang að skólakerfinu.“

Barnið með útstæðeyru samkvæmt lækni

Valur og Thais kynntust í Nor-egi þar sem þau bjuggu fyrstu

árin í sambúðinni. Þar fæddist eldri sonur þeirra.

„Eldri strákurinn fæddist með skarð í vör, góm og tanngarði. Við vorum búsett í Noregi þegar hann fæddist og ríkið í Noregi borgar alfarið fyrir börn sem fæðast með fæðingargalla. Maður þarf ekki að punga út krónu. Þegar hann var rúmlega mánaðar gamall vorum við boðuð á ríkisspítala þar sem kynnt var fyrir foreldrum sem eiga börn sem þurfa bráðlega í aðgerð hvað væri framundan. Þar sem Margrét systir mín á barn með skarð í vör þekkti ég nú til þess og vissi hvað lækna geta gert mikið í dag. Við höfum farið með hann tvisvar í aðgerð úti í Noregi. Fyrst lokuðu þeir vörinni þegar hann var þriggja mánaða. Og svo aftur þegar hann var eins árs en þá lokuðu þeir skarðinu í gómnum en þar var alveg opið upp í nef. Nú er bara verið að bíða eftir því að drengurinn verði nógu gamall til að hann geti byrjað í tannréttinum.“

Ég hef verið að vinna í því að koma honum inn í íslenska kerfið. Ég fór með strákinn suður til læknis sem skoðaði strákinn en sagði að ég ætti frekar að huga að því láta laga á honum eyrun áður en hann byrjaði í skóla, svo hann verði ekki fyrir einelti, þar sem hann væri svo útstæð eyru. Ég missti allt álit á þessum lækni eftir þetta. Við höfðum ekki einu sinni hugsað út í að barnið væri með útstæð eyru og ég er ekki að fara láta barnið mitt í lýtaaðgerð til að fella inn eyru.“

Yngri strákurinn hefur einnig þurft á sjúkrahúsvist að halda.

„Yngri strákurinn var tekinn með keisaraskurði og ef maður á að greiða það úr eigin vasa er það hátt í milljón. Þá vorum við einmitt að standa í því stappi að fá dvalarleyfið í gegn en hún var með pappíra um að hún væri í norska tryggingakerfinu og því átt allt að vera klappað og klárt um leið og dvalarleyfið færi í gegn. Hún komst inn í kerfið 19. september og strákurinn fæddist þann 24. Það var því ansi tæpt.“

Nógu þrjóskur til að fá þetta í gegn


Valur vill ekki meina að hann hafi fengið slæmar viðtökur á Íslandi þrátt fyrir allt.

„Vissulega höfum við lent í erfiðleikum, en á flestum stöðum hefur verið tekið þokkalega vel á móti okkur.“

– Eru þið ákveðin í því að setjast að á Íslandi?

„Það er nú ætlunin og ef það fer ekki allt til helvítis ætla maður að reyna tóra hérna. Ég á barn á Íslandi sem var meginástæða þess að við fluttum hingað og þó hún búi í Reykjavík er mun styttra frá höfuðborginni til Vestfjarða en frá Íslandi til Noregs.“

Aðspurður segir Valur að hann



sé vongóður að allt muni ganga upp á endanum og fjölskyldan geti lifað án þess að eiga það yfir

höfði sér að fjölskyldumeðlimir verði gerðir brottrækir úr landi. „Maður er nógu þrjóskur til að

fá þetta í gegn. Ef ekki, þá neyðist öll fjölskyldan til að flytja burt af landi brott og burt frá dóttur

minni,“ segir Valur, en bætir við að þolinmæði hjálpi þó að allir eigi sér mörk. – *thelma@bb.is*



Sléttuhreppingar blótuðu þorra

Þorablót Átthagafélags Sléttuhrepps var haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Að sögn Ingibjargar Snorradóttur Hagalín í skemmtinefnd var mjög góð mæting. Blótgæstir mættu með vel útlátin trog með súrmeti, rófustöppu og öðru góðgæti sem til síðs er að hafa með á þorablót. Skemmti-

nefndin, sem að venju var skipuð fulltrúum úr sveitunum í Sléttuhreppi hinum forna, sá fyrir skemmtiatriðum yfir borðhaldinu.

„Við buðum upp á hreppaútlát varpið í ljósi þess að svæðisútlát varpið eigi að hverfa á brott vegna niðurskurðar. Við vorum með ýmsar fréttir og tilkynn-

ingar og fórum svo með allt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta heppnaðist mjög vel“, segir Ingibjörg.

Að dagskrá tæmdri lék hljómsveit fyrir dansi sem samsett var úr tónlistarmönnum úr hinum og þessum hornum tónlistargeirans.

– thelma@bb.is





Flestir fluttu frá Ísafirði en þaðan fluttu 93 einstaklingar umfram aðflutta.

Brottfluttir fleiri en aðfluttir

Sjötíu og fimm fleiri einstaklingar fluttu frá Vestfjörðum á síðasta ári en til fjórðungsins. Frá Vestfjörðum fluttu 628 einstaklingar, en aðfluttir voru 553. Flestir fluttu frá Ísafirði en þaðan fluttu 93 einstaklingar umfram aðflutta. Frá Tálknafirði fluttu 15 umfram aðflutta og í Súðavíkurbæjum fluttu 9 einstaklingar umfram aðflutta. Í Vesturbýggð voru hins vegar aðfluttir fleiri en brottfluttir en þar fjölgaði um 29 einstaklinga. Sömu sögu má segja um Strandabýggð en þar voru aðfluttir fleiri en brottfluttir eða sem nemur 12 einstaklingum. Fleiri karlar en konur fluttu frá Vestfjörðum árið 2009, eða 325

á móti 294. Brottfluttar konur voru 303 en aðfluttar 259. Frá Vestfjörðum fluttu 190 einstaklingar til útlanda. Aðfluttir frá útlandum til Vestfjarða voru 145 árið 2009.

Höfuðborgarsvæðið tapaði flestum einstaklingum vegna brottflutninga eða 2.546 manns. Það helgast aðallega af miklum flutningum frá höfuðborgarsvæðinu til útlanda en til þangað fluttu 3.212 umfram aðflutta. Aftur á móti fékk höfuðborgarsvæðið 666 einstaklinga umfram brottflutta í innanlandsflutningum frá öðrum landsvæðum. Á öllum landsvæðum var fjöldi brottfluttra hærri en fjöldi að-

fluttra. Minnstur var munurinn á Norðurlandi vestra (-29) og Vestfjörðum (-75). Fjöldi brottfluttra var svipaður fyrir hin landsvæðin fjögur: Suðurnes (-450), Vesturland (-424), Austurland (-459) og Suðurland (-473).

Árið 2009 fluttu 4.835 fleiri frá landinu en til þess. Aldrei áður hafa jafn margir flutt frá landinu á einu ári. Næstflestar brottfluttir umfram aðflutta voru árið 1887 en þá fluttu 2.229 fleiri frá landinu en til þess. Árið 1887 var mannfækkun vegna búferlaflutninga þó helmingi meiri ef miðað er við miðársmannfjölda, eða 3,1% á móti 1,5%. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Hvetja stjórnvöld til að tryggja rétt starfsumhverfi fyrir skelrækt

Bæjarstjórn Ísafjardarbæjar hvetur stjórnvöld til að tryggja skelrækt þá starfsumhverfi sem hún þarf til að geta dafnað. Til laga þess efnis var lögð fram af Í-listanum á bæjarstjórnarfundum og var samþykkt samhljóða. Þar segir einnig: „Skelrækt á Íslandi er ung atvinnugrein og er nauðsynlegt að hlúa að henni svo hún geti nýtt þau tækifæri sem þar geta boðist til fulls. Skelrækt hefur alla burði til að vera samkeppnishæf á alþjóðlegum mörkuðum, en til þess að svo geti orðið þarf að tryggja greininni aðgengi að fjármagni og einnig þarf að tryggja að meira tillit verði tekið til hennar innan þróunar- og samkeppnissjóða sjávarútvegsins.“

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að skelrækt hafi verið stunduð á Íslandi um þó nokkurt skeið.

„Mikill vöxtur hefur verið í greininni síðustu þrjú árin og mörg fyrirtæki hafa farið af stað, og þ.á.m. fimm vestfirsk fyrirtæki. Ísland hentar mjög vel undir skelrækt, sérstaklega þegar horft er til heilnæmi sjávar og mikils rýmis. Ef vel tekst til getur kræklingarækt skapað fjölda atvinnutækifæra við ræktun og vinnslu á kræklingi. Til viðbótar koma afleidd störf við ýmskonar þjónustu við greinina, þannig að uppbygging kræklingaræktar gæti haft umtalsverð áhrif á þeim svæðum þar sem hún ætti sér stað. Bent hefur verið á að krækli-

ngarækt sé byggðamál þar sem ræktunin fer fram á landsbyggðinni,“ segir í greinargerðinni.

Þar segir einnig að stjórnvöld þurfi að gefa atvinnugreininni aukid vægi, m.a. með því að styrkja og samþætta innviði greinarinnar og auka rannsóknir og þjónustu opinberra aðila. Þar segir jafnframt að lítil aðgangur að fjármagni sé veruleg hindrun fyrir tækja í skelrækt vegna þess að fjármálastofnanir geri kröfu um veð, sem þau eiga erfitt með að uppfylla. „Þess vegna er brýnt að opinberum fjármálastofnunum eins og Byggingastofnun verði gert kleift að koma til móts við greinina með fjármagn vegna þess mikla uppbyggingar- og þróunarstarfs sem er framundan.“



ÍSAFJARÐARBÆR

STYRKIR TIL MENNINGARMÁLA

Ísafjardarbær óskar eftir umsóknum um styrki til menningarmála 2010. Umsóknir skulu berast til Ísafjardarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, eða á netfangið thorleifur@isafjordur.is. Umsóknarfrestur er t.o.m. 5. mars nk.

ÞJÓNUSTUHÚS Í TUNGUDAL

Ísafjardarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Þjónustuhús í Tungudal.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. júní 2010. Um er að ræða 78m² timburhús staðsett á tjaldsvæðinu í Tungudal. Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjardarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, frá og með mánudeginum 1. mars nk. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjardarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, **fimmtudaginn 11. mars 2010, kl. 11:00** að viðstöddum þeim þjófendum sem þess óska. *Sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.*

STYRKIR TIL UMHVERFISVERKEFNA

Umhverfisnefnd Ísafjardarbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til umhverfisverkefna fyrir árið 2010. Markmið með umhverfisstyrkjum er fegurra umhverfi í bæjarfélaginu.

Eftirfarandi þarf að fylgja með styrkum-sókn:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
2. Nafn þess sem annast samskipti við umhverfisnefnd.
3. Nákvæm lýsing verkefnis.
4. Tíma- og kostnaðaráætlun.

Styrkir verða greiddir út að verkefni loknu eða við ákveðin áfangaskil.

Umsóknum skal skilað á bæjarskrifstofu Ísafjardarbæjar ásamt fylgigögnum. **Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2010.** Merkja skal umsóknirnar „Umhverfisstyrkur Ísafjardarbæjar 2010.“

Fyrirspurnir og óskur um nánari upplýsingar gefur tæknideild Ísafjardarbæjar. Einnig má senda á netfangið johannb@isafjordur.is. Sjá einnig heimasíðu Ísafjardarbæjar, www.isafjordur.is.

Sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

**Það er ódýrara
að vera áskrifandi!
Síminn er 456 4560**

smáar

Óskum eftir húsnæði til leigu á Ísafirði frá og með 1. apríl. Erum hjón með eitt barn og erum reyklausa, reglusöm og skilvís. Hentug stærð er 3-4 herbergja. Uppl. í s. 861 8801.

Hvitt hjónarúm fæst gefins. Uppl. í síma 846 6345.

Til sölu er Suzuki Jimny árg. 2003, ekinn 67,500 km. Verð kr. 550 þúsund, stgr. Uppl. í síma 894 4359.

Ungt par vantar íbúð til leigu frá apríl. Verður að vera hægt að hafa hund. Erum reglusöm og snyrtileg. Áhugasamir hafi samband í síma 616 1216.

Óska eftir ódýrri þvottavél og rúmi 150x200. Upplýsingar í síma 897 4283.

Matthías nýr fyrirliði FH

Ísfríðingurinn Matthías Vilhjálmsson hefur verið gerður að fyrirliða hjá Íslandsmeisturum FH en þetta kemur fram á stuðningsmannasiðu félagsins. Matthías var þriðji fyrirliði liðsins á síðustu leiktið en þá var Davíð Þór Viðarsson fyrirliði og Tryggvi Guðmundsson varafyrirliði.

Davíð Þór gekk í raðir Öster í vetur og Tryggvi fór í ÍBV þannig að núna hefur Matthías tekið við fyrirliðabandinu. Matthías var lykilmáður hjá FH á síðustu leiktið.



Dóru-kots húfurnar hafa slegið í gegn meðal barna. Hér er Halldóra með nokkrum börnum sem að sjálfsögðu nota húfurnar.

Dóru-kots húfurnar slá í gegn

Dóru-kots húfurnar svokölluðu hafa slegið í gegn meðal barna á Ísafirði og víðar upp á síðkastið. Þær eru hannaðar og framleiddar af Halldóru Björk Norðdahl dagmömmu á Ísafirði.

„Þetta byrjaði bara sem jólagjöf til vina og ættingja. Ég er búinn að vera dagamma í 10 ár og var kominn með nóg af þessum venjulegu húfum þannig að ég ákvað að búa til mínar eigin og

það tókst bara svona ljómandi vel,“ segir Halldóra. Margir hafa eflaust tekið eftir Dóru-kots húfunum á kollum barna í Ísafjarðarbæ, en þær eru litríkar og eru engar venjulegar húfur ef svo

má að orði komast. Nú hafa Dóru-kots húfurnar slegið í gegn samskiptavefnum Facebook og pöntunum rignir inn. „Þetta gengur bara ljómandi vel, ég er farinn að vinna fram á nótt með fullri vinnu til þess að sauma húfurnar því ég anna ekki eftirspurn og ég er búinn að fá dóttur mína í lið með mér og fékk mér nýja saumavél,“ segir Halldóra.

Dóru-kots húfurnar eru vatnseldar, hlífa eyrunum og eru hlýjar. „Pantanið er alltaf að aukast og þá aðallega í gegnum Facebook. Ég finn fyrir því að fólk er mjög ánægt með húfurnar og þetta gengur bara vel,“ segir Halldóra. Húfurnar fást í 32 mögulegum litaútgáfum og eru saumaðar eftir höfuðmáli hvers og eins. „Húfurnar eru á tilboði út febrúar, en fara síðan aftur í sitt upprunalega verð í mars. Þá verður líka hægt að fá nafn barnsins saumað í húfuna,“ segir Halldóra.

Halldóra tekur einn dag í einu við framleiðsluna en segir þó að hún sé byrjuð að kaupa inn efni í meira magni, annað gangi ekki. Aðspurð hvort hún sé með eitthvað annað á þróunum handa börnum segir hún ekki svo vera. „Nei, meðan ég anna ekki eftirspurn læt ég húfurnar nægja en það er aldrei að vita nema maður bæti við vettlingum síðar ef tími gefst til. Fyrst húfurnar heppnuðust svona vel, af hverju ekki að leyfa öðrum að njóta.“

– kristjan@bb.is

Að standa í stafni

Stakkur skrifar

Mörg óleyst mál biða Íslendinga, ríkisstjórnar, sveitarstjórna og almennings. Fyrirtækin í landinu kvarta undan aðgerðarleysi varðandi endurreisn atvinnulífs og forsvarsmenn samtaka heimilanna sakna aðgerða í þeirra þágu. Bankarnir vilja endilega leyfa strandkapteinum að sigla löskuðum skútunum áfram. Heimilin geta beðið kann einhver að hugsa í þeim góðu stofnunum. Þau skulda svo lítið miðað við stórfyrirtækin að ekki tekur að eyða tíma í þau. Það hefur oft verið sagt að þeir sem skulda bankanum nóg mikið ráði ferðinni. Þeir sem skulda lítið eru á valdi bankans.

Icesave málið hefur tekið á sig nýja mynd eftir að sextíu þúsund reiðir Íslendingar skoruðu á Forseta Íslands að synja lögum um samkomulag við Breta og Hollendinga staðfestingar. Það sem Ísland og Íslendingar þurfa mest á að halda nú er samstaða um að reisa samfélagið við að nýju, ná niður atvinnuleysi og veita efnahagslífinu ný tækifæri. Þá er synjað að virkja og ákvarðanir sem tefja eða koma í veg fyrir atvinnusköpun eru teknar á þeim forsendum að það sé svo gott fyrir náttúruna. Á meðan verður engin endurreisn vegna náttúruleysis við ákvarðanatöku. En sagt er um mannfólk sem þjáist af náttúruleysi að það skapi ekki af sér nýtt líf.

Ekki blæs byrlega um samstöðu til nýrra tækifæra. Reyndar

er ekki hægt að ætlast til þess að Icesavesamningum verði breytt í sviphendingu fremur en að búast við því að Bretar og Hollendingar láti mikið af sínu. Þeir náðu fram núverandi samningi sem kosið verður um 6. mars næstkomandi, að óbreyttu. Vonandi tekst að ná betri niðurstöðu og komast áfram til þess að leysa öll þau vandamál sem ríkisstjórnin lofaði að leysa. Ekki má gleyma því að þau eru ærin og sum þess eðlis að langan tíma tekur að finna lausn. En þá er spurt hvort að ekki sé hættulegt að lofa of miklu.

Laun ríkisstarfsfólka og sumra starfsmanna sveitarfélaga hafa lækkað. En sama tíma kröfðust flugvirkjar hjá Icelandair 25% launahækkunar og voru tilbúnir að setja ferðaþjónustuna í uppnám. Þetta er gert meðan stærstu flugfélög í heimi segja unnvörpum upp starfsfólki til að lifa af. Verkfallinu var frestað í kjölfar samninga. Óvitað er um framhaldið. Vonandi er það leyst án alvarlegra afleiðinga. Á þessum tímum líta menn til þeirra sem tekið hafa að sér forystuna fyrir okkur. Hvar er norræna velferðin sem var lofað? Kannski var það bara venjulegt tal stjórnmálamanna án raunverulegs innihalds. Það sem hefur gengið best er að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem Vinstri grænir eru á móti. Þeir sem standa í stafni þurfa að standa saman um að gefa þjóðinni von. Er ekki enn von?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Keisaraskurðir 13,7% af fæðingum á Heilbrigðisstofnuninni árið 2008

Fæðingum fjölgaði um 55% á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ (Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í dag) milli árána 2008 og 2007. Árið 2008 fæddu alls 73 konur og hafa fæðingar ekki verið fleiri þar síðan 1998. Þær voru 47 árið áður. Konurnar skiptust í 30 frumbyrjur og 43 fjölbyrjur. Af konunum sem fæddu voru 25 af erlendu þjóðerni eða 34,2%. Um 80,8% voru eðlilegar fæðingar, eða 59 talsins, þar af fjórar fæðingar eftir fyrri keisaraskurð. Keisaraskurðir voru 10 eða 13,7% af fæðingum ársins, fjórir bráðakeisaraskurðir og sex valkeisaraskurður. Ein kona fæddi með hjálp tangar og þrjár með sogklukku. Fæðing var framkölluð hjá tveimur konum. Átján konur eða 38,2% fengu enga deyfingu, 13 konur fengu verkjalyfið Pethidin og 17 notuðu nálar eða glaðloft. Ein kona fæddi fyrirbura á árinu.

Ellefu konur voru sendar á Landspítalann-Háskólasjúkra-



Fjóröðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

hús í Reykjavík og áttu ekki afturkvæmt þaðan fyrir en eftir fæðingu og sneru aftur með 13 börn. Ýmsar ástæður voru fyrir þessu s.s. meðgöngueitrun, meðgöngu-

sykursýki, yfirvofandi fyrirbura-fæðing og fleira. Tvö börn voru flutt á Vökudeild LSH á árinu. Þetta kemur fram í ársskýrslu Fæðingaskráningarinnar á Íslandi.

Fæðingum fjölgaði um 6,4% milli árána 2007 og 2008 hér á landi. Það er nærri tvöfalt meiri aukning en milli árána 2006 og 2007. Alls fæddust 4.863 börn í

4.783 fæðingum árið 2008, samkvæmt nýbirtri skýrslu. Árið 2008 fæddust langflest börn á Landspítalanum eða 3.373 börn. Heimafæðingar voru 61 talsins.

Urmull snýr aftur


Rokkhátíð Albýðunnar, Aldrei fór ég suður, verður haldin í sjötta sinn á Ísafirði um páska. Upplýsingaráðherra Aldrei fór ég suður, hefur ákveðið að svala þorsta almennings og tilkynna tólf atriði sem verða í boði á hátíðinni ár. Að öðrum ólöstuðum hlýtur endurkoma ísfirsku gruggsveitarinnar Urmuls að vekja mesta lukku en þessi ísfirska hljómsveit naut mikilla vinsælda á tíunda áratugnum og átti sér stóra aðdáendahóp á Ísafirði og víðar. Sveitin samanstóð af Ísfirðingum og einum Hnífsdæling. Urmull á nokkra slagara sem nutu töluverða vinsæla á sínum tíma en hljómsveitin gaf út plötuna „Ull á víðavangi“ árið

1994. Þá munu öðlingarnir í Hudson Wayne stíga svið en hljómsveitin steig fyrst allra á svið á Aldrei fór ég suður fyrir hartnær sex árum. Á listanum má einnig sjá uppistandshópinn Mið-Ísland og gamla vini hátíðarinnar eins og Hjaltalín, Bloodgroup, Morðingjana, Diktu, Ólöfu Arnalds og Pollapönk. Ísfirska dægurlagakempan Rúnar Þór mun stíga á svið og boðið verður upp á sveitaballátónlist Sólans frá Sandgerði. Fyrstu 12 atriðin sem tilkynnt hafa verið eru: Urmull, Bloodgroup, Hjaltalín, Sólinn frá Sandgerði, Morðingjarnir, Rúnar Þór, Dikta, Mið-Ísland, Pollapönk, Ólöf Arnalds og Hudson Wayne.

Nýjar vefmyndavélar á Vestfjörðum

Vegagerðin hefur tekið í notkun þrjár nýjar vefmyndavélar sem allar eru á Vestfjörðum, en stofnunin vinnur að því að fjölga vefmyndavélum á vegakerfinu. Nýju vélarnar þrjár sýna hvernig færðin er á Mikladal milli Patraksfjarðar og Tálknafjarðar; á Hálfán á milli Tálknafjarðar og Bíldudals og í Fossahlíð í Skötufröi. Ný mynd kemur frá þessum

vélum á fimm mínútna fresti og þær sýna þrjú sjónarhorn. Með þessum vélum eru komnar upp 28 vefmyndavélar sem sýna þá veður og færð á vegakerfinu. Fljótlega verða fimm vélar til viðbótar teknar í notkun, vél í Þrengslum, við Skeiðavegamót, við Landvegamót, við Landeyjahöfn á Bakkafjöruvegi og í Eldhrauni. – thelma@bb.is



Orkubú Vestfjarða
www.ov.is

Útboð

Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum, með fyrirvara um allar leyfisveitingar, í verkið **Mjólka III**. Í Mjólkárveikjun í Arnarfirði eru starfræktar tvær virkjanir, Mjólka I og II, staðsettar við Þjóðveg 60. Verkið felur í sér stækkun virkunarinnar með byggingu stöðvarhúss ofan inntaks Mjólka I í landhæð 220 m.y.s. með tilheyrandi þrýstipípu og inntakshúsi.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Gröftur lausra og fastra jarðlaga	5.500 m ³
Sprengigröftur / fleygun	4.000 m ³
Fylling (brotið efni)	1.200 m ³
Annað fyllingarefni	4.400 m ³
Stöðvarhús og inntakshús	100 m ²
Steinsteypa	260 m ³
Útlagning DN 800 mm þrýstipípu	337 m

Verklök eru áfangaskipt og þau stærstu frá ágúst til október. Verkinu skal að fullu lokið í desember 2010.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Orkubúsins, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði frá og með föstudeginum 26. febrúar nk. gegn kr. 15.000.- óafturkræfu gjaldi. Hægt er að panta gögnin á netfangi orkubu@ov.is eða gg@ov.is. Tilboðum skal skilað á sama stað fyrir kl. 11:00, þriðjudaginn 23. mars 2010, þar sem þau verða opnuð og lesin upp.

Orkubú Vestfjarða.

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið bb@bb.is ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Áhugaljósmyndari vikunnar er Ágúst G. Atlason á Ísafirði.



Eldhiminn: Náttúran hefur verið æði skrautleg undanfarnar vikur og mánuði og skartað sínu fegursta. Ég var á leið heim úr vinnu og sá þá eldhiminn og skaut þessu skoti niður í Neðstakaupstað, við hliðina á Massa-slipp. Myndvinnsla fór fram í Adobe Photoshop og Adobe Photoshop Lightroom. **Myndavél:** Canon EOS 5D Mark II. **Ljósop:** f/22. **Hraði:** 2 sek. **ISO:** 400.



80 ára

Í tilefni af átttræðis afmæli mínu í lok þessa mánaðar, hef ég og fjölskylda mín ákveðið að hafa opið hús í Hömrum og taka á móti vinum og vandamönnum, laugardaginn 27. febrúar nk. kl. 16-18.

Eftir meira en hálfur aldar samstarf með Sunnukórnum, hefur safnast hjá mér talsvert af munum, myndum og öðrum plöggum viðkomandi starfi kórsins, sem ég mun nú draga fram, sýna og skila af mér við þetta tækifæri. Er þess sérstaklega vænst að núverandi og ekki síður fyrrverandi söngfélagar, sem og allir aðrir góðir félagar sjái sér fært að líta við.

Í boði verða léttar veitingar og eitthvað fleira.

Í febrúar 2010,
með kveðju,
Gunnlaugur Jónasson.



Ásgeir Helgi Þrastarson, ungur tónlistarmaður á Ísafirði, breytti nýlega herberginu sínu í hljóðver.

Breytti herberginu sínu í hljóðver

Ásgeir Helgi Þrastarson, ungur tónlistarmaður á Ísafirði, breytti nýlega herberginu sínu í hljóðver.

„Mér finnst gott að geta gert allt sjálfur, spilað á öll hljóðfærin, útsett og hljóðblandað. Með því að vera með aðstöðu heima þarf ég heldur ekki að treysta á aðra, þ.e. geta ekki komist í græjurnar hvenær sem er og þegar mér hentur. Þess vegna er þetta mjög þægi-

legt,“ segir Ásgeir.

Upptökubakterían hefur lengi blundað í Ásgeiri en hann byrjaði að fíka við upptökur í grunnskóla.

„Ég er búinn að vera að æfa á gítar lengi og í grunnskóla byrjaði maður í hljómsveitum, því fylgir mikið af græjum og dóti og þannig fékk ég áhuga á því að taka upp, byrjaði bara rólega en er

núna kominn í þá aðstöðu að geta tekið upp næstum því hvað sem er,“ segir Ásgeir.

Ásgeir lætur stærð herbergisins ekki stoppa sig og hefur búnað til þess að fara og taka upp hljómsveitir og stærri hljóðfæri, t.d. trommur og flygla á öðrum stöðum.

„Stúdíóið er í rauninni færanlegt, ég get komið og tekið upp

hljómsveitir í æfingaraðstöðunni þeirra eða hvar sem er. Eftirvinnslan fer síðan bara fram heima í herbergi.“

Ætlaði bara að mála

Ásgeir segir að hann hafi upphaflega aðeins ætla að mála einn vegg.

„Ég ætlaði fyrst bara að mála en síðan ákvað pabbi að setja

Tvær barnalegar og góðar

„Ég hef mjög barnalegan smekk. Uppáhalds maturinn minn er hakk og spaghettí, og þá meina ég með engu nema tómatsósu. Ég held það sé óþarfi að koma með einhverja svoleiðis uppskrift, en ég kem með tvennt annað sem er álika barnalegt:“

Tasty burgers

500 grömm nautahakk
2 tsk karrí
3 hvítlauksgeirar
8 ostsneiðar

Merðu hvítlaukinn út í hakkíð og bættu karríinu saman við. Hrærðu allt saman með höndunum. Hnoðaðu úr þessu fjóra borgara og reyndu að hafa þá eins þunna og hægt er, þeir skreppa

mikið saman við grillun. ALLS EKKI nota hveiti eða egg í deigið, það er viðbjóðslegt.

Skelltu borgurinum á miðlungsheitt grillíð og snúðu oft. Það er villtrú að það eigi bara að snúa einu sinni. Settu ost á borgarana þegar þú ert hættur að snúa og láttu bráðna.

Berið fram með hamborgara-brauði og Vals tómatsósu (ekki

250 grömm spaghettí
3 hvítlauksgeirar
1/3 laukur, súper fint skorinn
Hálfur pakki af rifnum osti
Miðstór dós af tómátþúrru
Vals tómatsósa
Salt og pipar

Hnoðaðu saman hakki, mörðum hvítlauk og súper fint skornum lauknum. Kryddaðu duglega

Sælkerinn

hamborgarasósu).

Spicy meatballs
500 grömm nautahakk

með pipar og pínu salti. Búðu til kúlur sem eru aðeins minni en borðtennisboltar. Steiktu kúlurnar upp úr löðrandi heitri olíu,




Sælkeri vikunnar er Hálfán Bjarki Hálfánsson á Ísafirði.

snúðu oft og reyndu að brasa þær almennilega.

Smyrðu tómátþúrru og Vals tómatsósu í botn á eldföstu móti, settu kúlurnar þar í, ost yfir og

hentu inn í ofn á 150 gráðum á meðan þú sýður pastað.

Ég skora á tengdababba, Gísla Jón Hjaltason, á Ísafirði.



hita í gólfín og þannig ákvað ég að nýta tækifærið og gera þetta almennilega, ég keypti mér alls konar púða og frauðkubba til þess að minnka bergmál og einangra og ég er mjög ánægður með útkomuna, allt annað hljóð en var áður,“ segir Ásgeir.

Hann segir mjög dýrt að kaupa græjur í hljóðverið en alltaf sé pláss fyrir meira.

„Allt sem ég nota núna í stúdíóinu hef ég keypt í gegnum netið og þá aðallega frá Bandaríkjunum og ég ætla að reyna að halda því áfram, það er vel hægt að

spara svoleiðis.“

Ásgeir spilar á gítar og hefur gert það lengi, en hann hefur mikinn áhuga á gítarleik.

„Ég get eiginlega ekki gert upp á milli þessara tveggja áhugamála, gítarleiks og að taka upp, það fer mjög vel saman,“ hann.

Ásgeir á fjölda gítara. Hann á ekki langt að sækja söfnunarbakteríuna en afi hans, Ásgeir S. Sigurðsson, á rúmlega 160 harmonikkur. Hann stefnir á nám í framtíðinni en er þó ekkert farinn að tímasetja það.

„Í augnablikinu væri ég til í að

geta unnið við t.d. gítarkennslu en stefnan er að sjálfsögðu sett á að geta lifað á því að stjórna upptökum og taka upp, hvort sem það verður á Íslandi eða annars staðar.“

Alltaf hægt að finna sér eitthvað að gera

„Ég er alltaf að taka upp einhverjar hugmyndir sem ég sem sjálfur, sumar sleppa í gegn og úr verður lag en ég á margar hugmyndir sem á eftir að klára,“ segir Ásgeir aðspurður um hvað

hann sé að taka upp þessa dagana. „Undanfarið hef ég líka verið að taka upp vinkonu mína Lindu en hún syngur og spilar á gítar og píanó. Hún hefur mjög góða rödd, ég tek hana upp með gítarinn og síðan stendur til að bæta einhverju ofan á það.“

Ásgeir hefur tekið upp nokkrar hljómveitir hér í bænum auk þess sem hann hefur unnið með nokkrum söngvurum. Hann bendir fólki, tónlistarmönnum og hljómveitum að hafa samband ef vantar að láta taka eitthvað upp.

„Það er alltaf gaman að taka

upp og þegar maður er að byrja í þessu reynir maður að nýta hvert tækifæri. Ég hef aðstöðu til að taka upp tónlistarfólk og get komið og tekið upp hljómveitir en ég get líka tekið upp tónleika og talmál ef því er að skipta,“ segir Ásgeir Helgi Þrastarson, hinn ungi og efnilegi upptökumaður á Ísafirði. Hægt er að hafa samband við Ásgeir í netfanginu studioherbergi@gmail.com og einnig er hægt að fylgjast með honum hljóðverinu á www.facebook.com/studiobedroom.

– kristjan@bb.is

INNBLÁSIÐ AF
NÓBELSVERÐLAUNA
UPPGÖTVUN

NÝTT!



Viltu hámarks raka fyrir húðina?

Eucerin kynnir nýjung í andlitsumönnun: AQUAporin. Eucerin AQUAporin örvar eigið rakanet húðarinnar – rakafarveginn (aquaporins) – þannig að rakinn dreifist ákjósanlega jafnvel í dýpri lögum húðarinnar. Hið öfluga efni Glyco Glycerol örvar núverandi rakafarvegi, hjálpar til við myndun nýrra og færir húðinni langvarandi raka*. Virknin og þol húðarinnar vegna Eucerin AQUAporin ACTIVE línunnar er vísindalega sannað, jafnvel fyrir viðkvæma húð. Niðurstaðan er mismunur sem þú finnur á húðinni og sérð greinilega.

* Prófanir framkvæmdar í tilraunaglasí



Finndu andlitsvörurnar fyrir þig á
WWW.EUCERIN.COM

Eucerin®

Eucerin® fæst í apótekum